

## Afkoma HB Granda hf. árið 2015

### Fjórði ársfjórðungur

Rekstrartekjur samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi 2015 voru 58,9 m€, á móti 59,3 m€ á fjórða ársfjórðungi 2014.

EBITDA nam 7,3 m€ á fjórða ársfjórðungi í ár, en nam 4,9 m€ á sama tímabili 2014.

Hagnaður á fjórða ársfjórðungi var 13,3 m€ samanborið við 5,8 m€ árið áður.

### Árið 2015

Rekstrartekjur ársins 2015 námu 225,5 m€, en voru 214,9 m€ árið 2014.

EBITDA ársins 2015 var 54,2 m€ (24,0%) en var 49,9 m€ (23,2%) árið áður.

Hagnaður ársins var 44,5 m€, en var 36,3 m€ árið áður.

Rekstrarreikningur - Lykiltölur				
Í þúsundum evra	4F2015	4F2014	2015	2014
Seldar vörur .....	58.901	59.327	225.510	214.911
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 48.683)	( 49.955)	( 159.866)	( 154.819)
<b>Vergur hagnaður .....</b>	<b>10.218</b>	<b>9.372</b>	<b>65.644</b>	<b>60.092</b>
Aðrar tekjur .....	1.316	( 7)	6.272	1.361
Útflutningskostnaður .....	( 3.234)	( 3.270)	( 13.209)	( 12.637)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 4.009)	( 5.634)	( 12.490)	( 12.319)
Bakfærð virðisrýrnun .....	7.979	0	7.979	0
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>12.270</b>	<b>461</b>	<b>54.196</b>	<b>36.497</b>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....	3.820	5.269	2.646	4.390
Áhrif hlutdeildarféлага .....	( 877)	( 745)	( 3.757)	2.910
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>15.213</b>	<b>4.985</b>	<b>53.085</b>	<b>43.797</b>
Tekjuskattur .....	( 1.881)	780	( 8.590)	( 7.477)
<b>Hagnaður tímabilsins/ársins .....</b>	<b>13.332</b>	<b>5.765</b>	<b>44.495</b>	<b>36.320</b>
<b>EBITDA .....</b>	<b>7.335</b>	<b>4.907</b>	<b>54.239</b>	<b>49.936</b>

### Rekstur ársins 2015

Rekstrartekjur HB Granda hf. árið 2015 námu 225,5 m€, samanborið við 214,9 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og bakfærða virðisrýrnun (EBITDA) var 54,2 m€ eða 24,0% af rekstrartekjum, en var 49,9 m€ eða 23,2% árið áður. Á árinu er bakfærð virðisrýrnun að fjárhæð 8,0 m€ vegna aflaheimilda í botnfiski. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru jákvæð um 2,6 m€, en voru jákvæð um 4,4 m€ árið áður. Meðal fjáreignatekna er tekjufærður söluhagnaður eignarhluta í dótturfélagi að fjárhæð 3,8 m€. Söluhagnaðurinn er vegna árangurstengds viðbótarsöluverðs vegna dótturfélagsins Stofnfisks hf., en eignarhluturinn var seldur á árinu 2014. Áhrif hlutdeildarféлага voru neikvæð um 3,8 m€, en voru jákvæð um 2,9 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 53,1 m€, samanborið við hagnað að fjárhæð 43,8 m€ árið áður. Tekjuskattur að

## Afkoma HB Granda hf. árið 2015

fjárhæð 8,6 m€ er reiknaður samkvæmt framtali í íslenskum krónum. Hagnaður ársins varð því 44,5 m€ en var 36,3 m€ árið áður.

Meðalfjöldi ársverka árið 2015 var 880 en var 920 árið 2014. Laun og launatengd gjöld námu samtals 69,5 m€, samanborið við 62,6 m€ árið áður (10,1 milljarðar króna á meðalgengi ársins samanborið við 9,7 milljarða árið áður).

### Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 395,4 m€ í árslok 2015. Þar af voru fastafjármunir 319,7 m€ og veltufjármunir 75,7 m€. Eigið fé nam 245,8 m€ og var eiginfjárhlutfall 62%, en var 60% í lok árs 2014. Heildarskuldir félagsins voru í árslok 2015 149,6 m€.

Efnahagsreikningur 31.12.2015 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	31.12.2015	31.12.2014
Fastafjármunir .....	319.658	284.251
Veltufjármunir .....	75.708	82.433
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>395.366</b>	<b>366.684</b>
Eigið fé .....	245.843	218.829
Langtímaskuldir .....	109.750	53.967
Skammtímaskuldir .....	39.773	93.888
<b>Eigið fé og skuldir samtals.....</b>	<b>395.366</b>	<b>366.684</b>

### Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 44,5 m€ árið 2015, en var 34,0 m€ árið áður. Fjárfestingar námu 37,6 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 20,4 m€. Handbært fé lækkaði því um 13,5 m€ og var í árslok 11,2 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2015	2014
í þúsundum evra		
Handbært fé frá rekstri .....	44.511	34.048
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 37.598)	( 33.444)
Fjármögnunarhreyfingar .....	( 20.436)	11.850
<b>Breyting á handbæru fé.....</b>	<b>( 13.523)</b>	<b>12.454</b>
<b>Handbært fé í árslok.....</b>	<b>11.204</b>	<b>24.727</b>

### Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi ársins 2015 (1 evra = 145,89 ísk) verða tekjur 32,9 milljarðar króna, EBITDA 7,9 milljarðar og hagnaður 6,5 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á lokagengi ársins 2015 (1 evra = 140,93 ísk) verða eignir samtals 55,7 milljarðar króna, skuldir 21,1 milljarðar og eigið fé 34,6 milljarðar.

## **Afkoma HB Granda hf. árið 2015**

---

### **Skipastóll og afli**

HB Grandi hf. gerði út 9 fiskiskip í árslok. Á árinu var lokið við smíði tveggja uppsjávarskipa. Smíði þriggja ísfisktogara fer nú fram í Tyrklandi, en gert er ráð fyrir að fyrsta skipið verði afhent næsta haust.

Árið 2015 var afli skipa félagsins 48 þúsund tonn af botnfiski og 128 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

### **Önnur mál**

Félagið undirritaði í febrúar 2015 lánasamning að fjárhæð 77 m€. Lánasamningurinn var nýttur til uppgreiðslu á skammtímaskuldum, endurfjármögnun á langtímaskuldum og greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs uppsjávarskipa. Í árslok var síðan gengið frá fjármögnun á ísfisktogurum með lánasamningi að fjárhæð 55 m€. Gert er ráð fyrir að dregið verði á lánið í þremur hlutum á sama tíma og togararnir verða afhentir.

Aflamark í loðnu er mun minna en vonir sem unglöðnumæling haustið 2014 vakti. Úthlutað aflamark félagsins er 17 þúsund tonn en var 72 þúsund tonn í fyrra.

### **Aðalfundur**

Aðalfundur HB Granda verður haldinn föstudaginn 1. apríl í matsal félagsins við Norðurgarð í Reykjavík og hefst klukkan 17:00.

### **Tillaga stjórnar á aðalfundi um arðgreiðslu**

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2016 verði vegna rekstrarársins 2015 greiddar 1,70 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 3.083 millj. kr. (um 21,9 millj. evra á lokagengi ársins 2015), eða 4,1% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2015. Arðurinn verði greiddur 29. apríl 2016. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 1. apríl 2016 og arðleysisdagur því 4. apríl 2016.

Arðsréttindadagur er 5. apríl 2016. Arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags.

### **Kynningarfundur þann 25. febrúar 2016**

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á fjórða ársfjórðungi verður haldinn á morgun fimmtudaginn 25. febrúar klukkan 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.

### **Samþykkt ársreiknings**

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum HB Granda hf. 24. febrúar 2016. Ársreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards) og hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

### **Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri, sími 858-1007.

**Fjárhagsdagatal**

Aðalfundur/Birting ársskýrslu	1. apríl 2016
Arðgreiðsludagur	29. apríl 2016
Fyrsti ársfjórðungur	25. maí 2016
Annar ársfjórðungur	31. ágúst 2016
Þriðji ársfjórðungur	30. nóvember 2016
Fjórði ársfjórðungur	22. febrúar 2017